

D ó m s o r ð:

Merki jarðanna Gnúpufells og Seljahlíðar í Saurbæjarhreppi, Eyja-fjarðarsýslu eru þar sem girðing norðan núverandi túns í Seljahlíð stendur og síðan eins og merkjum er lýst í merkjaskrá jarðanna frá 17. maí 1891 og 14. maí 1892.

Stefnandi, Jörunn Hrólfsdóttir, greiði stefndu, Daniel Pálmason og Ingibjörgu Bjarnadóttur, kr. 15.000,00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 13. júní 1985.

Nr. 47/1985.

Ákærvaldið

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)

gegn

Guðmundi Sigurði Jóhannessyni

(Páll A. Pálsson hrl.)

Fjársvik. Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Guðmundur Skaftason og Halldór Þorbjörnsson.

Máli þessu var af ákærvaldsins hálfu áfrýjað til þyngingar með stefnu 7. febrúar sl., en ákærði vildi hlíta héraðsdómi.

Svo sem greint er í héraðsdómi, hefur ákærði framið þau brot, sem hann er ákærður fyrir. Varðar sviksamleg notkun hans á fjór-um innstæðulausum tékkum við 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og ölvunarakstur hans í þrjú skipti við 2., sbr. 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 40/1968. Einnig hefur ákærði með akstri sínum brotið gegn 1. mgr. 27. gr., sbr. 81. gr. sömu laga, þar sem hann hafði áður verið sviptur ökuleyfi.

Refsing ákærða er skv. 248. gr. hegningarlaga og 80. gr. umferðarlaga, sbr. lög nr. 54/1976, og með hliðsjón af 77. gr. hegningarlaga og því, að ákærði hefur bætt tjón af fjársvikabrotum sínum, hæfilega ákveðin 60 daga fangelsi.

Með héraðsdómi var ákærði sviptur ævilangt rétti til að öðlast ökuleyfi frá 25. júní 1983. Ber að staðfesta, að ákærði skuli vera sviptur ökuleyfi ævilangt.

Í forsendum héraðsdóms segir, að ákærði skuli dæmdur til greiðslu sakarkostnaðar, en tilsvarandi ákvæði hefur láðst að taka upp í dómsorð. Ber að ákveða, að ákærði skuli greiða sakarkostnað í héraði svo og áfrýjunarkostnað, svo sem greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð :

Ákærði, Guðmundur Sigurður Jóhannesson, sæti fangelsi 60 daga.

Ákærði skal vera sviptur ökuleyfi ævilangt.

Ákærði greiði kostnað sakarinnar í héraði og áfrýjunarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 9.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda sína, Páls Arnórs Pálssonar hæstaréttarlögmanns, 9.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Kópavogs 22. nóvember 1984.

Mál þetta, sem dómtekið var sama dag, er höfðað af ákæruvaldsins hálfu með 2 ákærum, dagsettum 16. maí og 8. júlí 1983, á hendur Guðmundi Sigurði Jóhannessyni sjómanni, Engihjalla 1, Kópavogi, fæddum 7. september 1958 á Eyri, Ísafjarðarsýslu, en málin hafa verið sameinuð.

Í fyrri ákæru er ákærða gefið að sök að hafa gefið út „í desember 1982 og janúar 1983 eftirtalda tékka á reikning sinn nr. 10840 við Sparisjóðinn í Keflavík og nota þá í viðskiptum í Reykjavík, enda þótt innistæða væri ekki fyrir hendi á reikningnum og honum lokað af þeim sökum þann 20. desember 1982 og svíkja sér þannig fé:

1. Nr. 1143026, kr. 2.700,00. Útgefinn 16. desember til handhafa og framseldur af Jóni Ó. Björgvinssyni, notaður sem greiðsla fyrir hjólbarða.

2. Nr. 1143033, kr. 12.000,00. Útgefinn 10. janúar til handhafa, seldur í Seðlabanka Íslands, Reykjavík.

3. Nr. 1143035, kr. 500,00. Útgefinn 25. janúar til handhafa, notaður sem greiðsla fyrir vörur í Nesti hf., Reykjavík.

4. Nr. 1143043, kr. 2.000,00. Útgefinn 29. janúar til Péturs Guðlaugs-sonar, notaður sem greiðsla til Kjartans Jónssonar fyrir akstur í leigubifreið í Reykjavík.

Telst þetta varða við 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.“

Í síðari ákærinni er ákærða gefið að sök að hafa ekið „þrisvar sinnum á árinu 1983 undir áhrifum áfengis og sviptur ökuréttindum svo sem rakið verður:

1. Föstudaginn 11. febrúar 1983, bifreiðinni Z-336 frá húsi við Furu- grund í Kópavogi um götur þar í bænum og í Reykjavík, þar til hann hætti akstri á Vesturlandsvegi skammt vestan Höfðabakka.

2. Sunnudaginn 27. febrúar 1983, sömu bifreið, frá húsi við Flyðru- granda í Reykjavík áleiðis heim til sín, þar til lögreglan hafði afskipti af honum við Nesti við Reykjanesbraut í Fossvogi.

3. Laugardaginn 23. apríl 1983, bifreiðinni Y-9224 frá veitingahúsinu Klúbbnum, Borgartúni 32, Reykjavík, að Stýrimannaskólanum við Skip- holt og þaðan áleiðis heim til sín, þar til lögreglan stöðvaði akstur hans í Borgartúni.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., 1. mgr. 27. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968, sbr. lög nr. 54, 1976.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til sviptingar réttar til að öðlast ökuleyfi samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Málin hafa verið sameinuð og verða dæmd í einu lagi.

Málavextir.

Samkvæmt framburði ákærða svo og öðrum gögnum málsins eru mála- vextir þessir:

1. Ákærði hafði ávísanareikning við Sparisjóðinn í Keflavík, nr. 10840.

Með bréfi Verzlunarbanka Íslands hf., dagsettu 24. marz 1983, Seðla- banka Íslands, dagsettu 31. janúar 1983, Nestis h.f. dagsettu 10. febrúar 1983, og kæru Kjartans Jónssonar leigubifreiðastjóra, Kleppsvegi 46, Reykjavík, dagsettri 21. febrúar 1983, var ákærði kærður fyrir útgáfu og notkun tékka þeirra, er í ákæruskjali frá greinir, en við framvísun í greiðslubönkum reyndust innistæður ekki nægar til greiðslu þeirra.

Tékkum þessum er nánar lýst í ákæruskjali, réttilega er varðar eyðu- blaðanúmer, dagsetningar og útgáfudag. Þá er þar einnig lýst nánar notkun hvers tékka, og er sú lýsing í samræmi við það, sem fram hefur komið við rannsókn málsins

Ákærði gaf skýrslur um kærutriði máls þessa hjá rannsóknarlögreglunni í Kópavogi hinn 6. apríl 1983. Viðurkenndi hann þá að hafa gefið út og komið í umferð fyrrgreindum tékkum. Hvað varðar tékkann, sem útgefinn var 16. desember 1982, sagðist ákærði ekki hafa vitað, hvað var inni á reikningnum en talið, að innistæða væri fyrir hendi, því hann hafi verið skipverji á togaranum Aðalvík frá Keflavík og útgerðin hafi vikulega lagt kr. 2.500,00 inn á ávísanareikninginn. Það hafi þó gerst á þessum tíma,

að einn föstudag var ekki lagt inn á reikninginn, en í staðinn greitt í peningum, næst þegar skipið kom að landi. Vegna þessa hafi ekki verið innistæða fyrir þessum tékka og reikningnum verið lokað. Hvað varðar hina tékkana þrjá viðurkenndi ákærði að hafa gefið þá út, þó hann hafi vitað að reikningurinn væri lokaður og því engin innistæða fyrir þeim. Ástæðuna fyrir útgáfu tékkans 10. janúar 1983, sem seldur var í Seðlabanka Íslands, Reykjavík, sagði ákærði vera þá, að hann hafi vantað peninga. Hann hafi verið með skipspláss á Aðalvíkinni í Keflavík, sem átti að fara á sjó á þessum tíma. Hann hafi því átt von á peningum fljótlega og hafi þannig ætlað að endurgreiða tékkann, strax og hann fengi peninga. Það hafi hins vegar brugðist, því Aðalvíkin hafi verið í viðgerð, sem tók lengri tíma en reiknað var með, þannig að ákærði fékk ekki þá peninga, sem hann átti von á. Sagði hann, að útgáfa tékkans hafi fyrst og fremst verið fljótfærni og peningavöntun, en það hafi ekki verið ætlunin að svíkja peninga, sem ekki yrðu greiddir. Varðandi hina tékkana sagði ákærði einnig, að ætlunin hafi aldrei verið önnur en greiða tékkana, enda væri hann búinn að því ásamt kostnaði. Hann kvaðst ekki muna, hvar og hvernig þessir tékkar voru notaðir, en líklega hafi hann verið ölvaður í bæði skiptin. Tékkinn sem útgefinn var 25. janúar 1983, hafi sennilega verið notaður til að kaupa bensín og hafi hann þá ekki hugsað um annað en að fá bensínið og ekki hugleitt neitt, hvernig tékkinn yrði greiddur. Hinn tékkinn, sem útgefinn var 29. sama mánaðar, sé stílaður á félaga sinn og því reikni hann með, að hann hafi verið notaður til að greiða veitingar eða leigubifreið. Hann hafi því ekki heldur hugsað um það, hvernig eða hvenær hann yrði greiddur.

II. Föstudaginn 11. febrúar 1983, kl. 3:50, var lögreglunni í Reykjavík tilkynnt, að ölvaður ökumaður væri í Ártúnsbrekku. Lögreglan kom að bifreiðinni Z-336 kyrrstæðri á akrein skammt frá gatnamótum Höfðabakka og Vesturlandsvegur. Var bifreiðin í gangi og ökuljós logandi, en maður sá, er sat undir stýri, ákærði í máli þessu, var sofandi, og reyndist hann vera ölvaður. Ákærði var færður fyrir varðstjóra, þar sem hann viðurkenndi að hafa drukkidi áfengi í veitingahúsinu Klúbbnum. Í skýrslu varðstjóra er útliti og öðrum einkennum ákærða lýst svo: áfengisþefur af andardrætti sterkur, fatnaður óhrein, framkoma ósvífin, augu dauf, jafnvægi mjög óstöðugt, málfar þvöglulegt og framburður samhengislaus.

Ákærði var færður til blóðtöku, og samkvæmt niðurstöðum rannsókna mældist magn alkóhóls í blóði 1,56‰.

Ákærði hefur skýrt svo frá, að hann hafi ekið bifreiðinni Z-336 heiman frá sér að Bíóhöllinni kvöldið áður en lögreglan kom að honum í bifreiðinni á Vesturlandsvegi. Í kvikmyndahúsinu drakk ákærði u.þ.b. 4 sopa af brennivíni. Um kl. 23:00 ók ákærði bifreiðinni að veitingahúsinu Klúbbnum,

en þar drakk ákærði talsvert magn af brennivíni. Ákærði fór úr Klúbbnum um kl. 1:00, og sagði hann, að stúlka hafi ekið með hann um bæinn og síðan að Furugrund í Kópavogi, þar sem ákærði tók við akstri bifreiðarinnar, og ók hann þá um götur í Kópavogi og Reykjavík.

Ákærði fann verulega til áfengisáhrifa við aksturinn og mundi síðast eftir sér, þegar hann ók um Breiðholtið.

Sunnudaginn 27. febrúar 1983, kl. 2:55, veitti lögreglan í Kópavogi athygli akstri sömu bifreiðar suður Kringlumýrarbraut, inn á Reykjanesbraut og að Nesti í Fossvogi. Lögreglan hafði tal af ökumanni, sem reyndist vera ákærði í máli þessu, og lagði frá honum sterkan áfengisþef. Var hann færður fyrir varðstjóra, þar sem hann viðurkenndi að hafa drukkið áfengi og að hafa fundið til áfengisáhrifa við aksturinn. Í skýrslu varðstjóra er útliti og öðrum einkennum ákærða lýst svo: áfengisþefur sterkur, andlit eðlilegt, fatnaður snyrtilegur, framkoma kurteis, augu rauð, jafnvægi stöðugt, málfar þvöglulegt og framburður greinargóður.

Ákærði var færður til blóðtöku og samkvæmt niðurstöðum rannsókna mældist magn alkóhóls í blóði 1,73‰.

Ákærði hefur skýrt svo frá, að hann hafi verið við áfengisdrykkju í húsi við Flyðrugranda aðfaranótt 27. febrúar 1983, og drakk hann úr u.þ.b. 4-5 glösum af tvöfaldri vodkablöndu. Um kl. 2:30 ók ákærði bifreið sinni, Z-336, þaðan og áleiðis heim til sín með viðkomu í Nesti í Fossvogi, þar sem lögreglan hafði tal af honum, svo sem áður greinir. Ákærði kvaðst hafa fundið litillega til áfengisáhrifa við aksturinn.

Ákærði var sviptur rétti til að öðlast ökuleyfi til bráðabirgða eftir ákvörðun lögreglustjóra frá 25. júní 1983 að telja.

Laugardaginn 23. apríl 1983, um kl. 4:00, barst lögreglunni í Reykjavík sú tilkynning, að ökumaður bifreiðarinnar Y-9224 væri hugsanlega undir áhrifum áfengis. Mættu lögreglumenn bifreiðinni í akstri í Borgartúni, veittu henni eftirför og stöðvuðu aksturinn. Höfðu þeir tal af ökumanni, sem reyndist vera ákærði í máli þessu og lagði frá honum töluverðan áfengisþef.

Ákærði var færður fyrir varðstjóra, þar sem ákærði viðurkenndi að hafa drukkið áfengi fyrir akstur og að hafa fundið til áfengisáhrifa við aksturinn.

Í skýrslu varðstjóra er útliti og öðrum einkennum ákærða lýst svo: áberandi undir áhrifum áfengis, áfengisþefur af andardrætti talsverður, andlit eðlilegt, fatnaður velktur, framkoma kurteis, augu rauð, jafnvægi stöðugt, málfar skýrt og framburður greinargóður.

Ákærði var færður til blóðtöku, og samkvæmt niðurstöðum rannsókna mældist magn alkóhóls í blóði 1,91‰.

Ákærði hefur skýrt svo frá, að hann hafi farið í veitingahúsið Klúbbinn

að kvöldi 22. apríl 1983 á bifreiðinni Y-9224. Þar drakk hann 4-6 glös af tvöfaldri vodkablöndu. Um kl. 3:15 - 3:30 ók hann bifreiðinni þaðan að Stýrimannaskólanum og þaðan áleiðis heim til sín, en á mótum Borgartúns og Kringlumýrarbrautar stöðvaði lögreglan aksturinn. Ákærði kvaðst hafa fundið lítilsháttar til áfengisáhrifa við aksturinn.

Niðurstöður.

Með játningum ákærða, sem eru í samræmi við önnur gögn málsins, þykir sannað, að ákærði hefur gerst sekur um háttsemi þá, sem honum er að sök gefin í ákæruskjölum og þykir þar að öllu leyti réttilega heimfærð til refsilagaákvæða.

Ákærði er sakhæfur og hefur sætt kærnum og refsingum sem hér segir:

1977 14/3 á Sauðárkróki: Sátt 15.000 kr. sekt fyrir brot gegn 1. mgr. 26. gr., 1. mgr. 37. gr., 1., 2. a.b. og c. liðir 49. gr. og 1. mgr. 50. gr. umfl. Sviptur ökuleyfi í 3 mán. frá 30.9. 1976.

1982 5/11 í Kópavogi: Sátt 4.000 kr. sekt f. brot g. 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr. umfl. og 1. mgr. 24. gr. áfl. Sviptur ökuleyfi í 1 ár frá 5/11 1982.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin með vísan til þeirra refsilagaákvæða, sem ákært er eftir svo og með vísan til 77. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 fangelsi í 2 mánuði, en rétt þykir þó með vísan til þess, að ákærði hefur eigi áður verið sekur fundinn um auðgunarbrott, svo og með vísan til 8. tl. 74. gr. s.l., að fullnustu refsingar skuli fresta og að hún falli niður að liðnum 3 árum frá birtingu dómsins að telja, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. sömu laga, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Þá þykir einnig rétt með vísan til nefndra refsilagaákvæða að dæma ákærða til greiðslu sektar að fjárhæð kr. 15.000,00 og komi 15 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 6 vikna frá birtingu dómsins að telja.

Svipta ber ákærða rétti til að öðlast ökuréttindi, svo sem krafist er í ákæru og með vísan til þess lagaákvæðis, sem þar er vitnað til, frá 25. júní 1983 að telja, en þann dag var hann sviptur rétti til að öðlast ökuleyfi til bráðabirgða, og verður sviptingin ævilöng, þar sem brott ákærða er ítrekað.

Loks dæmist ákærði til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Dóm þennan kvað upp Sigríður Ingvarsdóttir héraðsdómari.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Guðmundur Sigurður Jóhannesson, sæti fangelsi í 2 mánuði, en fresta skal fullnustu refsingar, og niður skal hún falla að liðn-

um 3 árum frá birtingu dómsins að telja, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði greiði sekt í ríkissjóð að fjárhæð kr. 15.000,00, og komi 15 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 6 vikna frá birtingu dómsins að telja.

Ákærði er sviptur rétti til að öðlast ökuleyfi ævilangt frá 25. júní 1983 að telja.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Þriðjudaginn 18. júní 1985.

Nr. 192/1983. **Jón Ingi Eldon Hannesson**

(Ragnar Aðalsteinsson hrl.)

gegn

Jacqueline Mary Friðriksdóttur

(Guðmundur Ingi Sigurðsson hrl.)

Hjón. Búskipti. Kröfu um ógildingu skilnaðarsamnings hrundið.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Jónsson, Halldór Þorbjörnsson, Magnús Thoroddsen og Sigurgeir Jónsson.

Áfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 6. október 1983. Dómkröfur hans eru þær, að viðurkennt verði með dómi, að skilnaðarsamningur aðilja um fjárskipti frá 21. janúar 1982 sé eigi skuldbindandi fyrir hann. Hann krefst og málskostnaðar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefnda krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Eftir uppsögu hins áfrýjaða dóms hefur stefnda öðlast íslenskan ríkisborgararétt og tekið sér eftirnafnið Friðriksdóttir.

Samkvæmt skilnaðarsamningi aðilja naut stefnda ekki framfærslueyris frá áfrýjanda, eftir að skilnaður var gerður að borði og